

# Lykilupplýsingar

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar hjálpa þér við að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa þær, svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu.

## ÍV Eignasafn II

ÍV Eignasafn II, kt. 640311-9830, er rekið af ÍV sjóðum hf., dótturfélagi Íslenskra verðbréfa hf. og er verðbréfasjóður skv. lögum 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

### Markmið og fjárfestingarstefna

#### Markmið

Stýring sjóðsins miðar að því að ávaxta fjármuni með virku vali á eignaflokkum, sjóðum og verðbréfum með tilliti til væntrar ávöxtunar og áhættu. Breytingar á vaxtastigi og verðbólgu auk rekstrarumhverfis skráðra hlutafélaga eru ráðandi þættir varðandi ávöxtun sjóðsins. Sjóðurinn hefur ekki heimild til að stunda viðskipti með afleiður.

#### Fjárfestingarstefna

Áhersla er lögð á fjárfestingu í skuldabréfum, útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins og innlán fjármálafyrirtækja en einnig er fjárfest í skuldabréfum með ábyrgð sveitarfélaga og öðrum skuldabréfum. Auk þess fjárfestir sjóðurinn í hlutabréfum skráðra hlutafélaga á Íslandi og erlendis.

Fjárfest er í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum sem fjárfesta í fyrrgreindum eignaflokkum. Einnig hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta beint í eignaflokkunum.

#### Fjárfestingartímabil

Sjóðurinn er ákjósanlegur kostur fyrir þá sem vilja ávaxta fjármuni til meðallangs eða langs tíma (1 ár eða lengur).

#### Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Verðbréfasjóðir	20-100%
Fjárfestingarsjóðir	0-80%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-80%
Skuldabréf	0-60%
Hlutabréf	0-50%

#### Nánari sundurliðun fjárfestingaheimilda – horft til undirliggjandi eigna sjóða og eigna í einstökum verðbréfum

Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	20-100%
Önnur skuldabréf	0-50%
Hlutabréf	0-50%
Einstök hlutabréf	0-15%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-70%


#### Arður og ávöxtun

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign er bætt við höfuðstól sjóðsins.

#### Kaup og innlausnir

Hlutdeildarskírteini í sjóðnum eru innlausnarskyld að kröfu eigenda. Kaup eða innlausn á hlutdeildarskírteinum er möguleg alla virka daga. Beiðni sem berst fyrir kl. 14:00 ber að afgreiða á þriðja opunardeggi (T+2).

### Áhætta og ávöxtun



- Áhættumælikvarðinn mælir áhættu vegna verðsveiflna á eignasafni sjóðsins. Flokkunin byggir á útreikningi VAR gildis (Value-at-Risk) sem mælir verðbreytileika og fylgni undirliggjandi eigna sjóðsins. Þannig fellur sjóðurinn í áhættuflokk 2 af 7 vegna verðsveiflna undirliggjandi skuldabréfa. Lægsti áhættuflokkurinn þýðir ekki að fjárfesting sé áhættulaus.

- Áhættumælikvarðinn getur breyst á milli tímabila vegna breytinga á eignasafni sjóðsins.
- Ávöxtun sjóðsins í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áhættumælikvarðinn nær ekki yfir alla áhættuþætti sem skipt geta máli. Aðrir helstu áhættuþætti samfara fjárfestingu í sjóðnum eru:

- Lausafjárahætta, þ.e. aðstæður sé með þeim hætti að erfitt sé að selja eignir á viðunandi verði.
- Mótaðilaáhætta, þ.e. ef útgefandi verðbréfa greiðir ekki á gjalddaga.
- Rekstraráhætta, þ.e. ef eignir misafarast eða tapast vegna vörslu eigna.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

ÍV sjóðir hf. hefur starfsleyfi á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Þessar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta voru síðast uppfærðar [21.12.2014](#) [218.069.20187](#).

# Lykilupplýsingar

Nánar er fjallað um áhættu sjóðsins, þ.m.t. fleiri áhættuþætti en hér eru taldir, í útboðslýsingu sjóðsins sem nálgast má á [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).

## Gjöld fyrir þennan sjóð

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

### Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu:

Gjald við kaup:	1% (hámark 2%)
Gjald við sölu:	0%

Ofgangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu áður en fjárfest er.

### Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli:

Viðvarandi gjöld:	0,579%
-------------------	--------

### Gjöld dregin af sjóðnum við tilteknar aðstæður:



Árangurstengd þóknun:	0%
-----------------------	----

**Gjöld vegna kaupa og sölu** eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra en upplýsingar um slík má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.

**Umsýsluþóknun** er greidd til rekstrarfélags sjóðsins fyrir að annast rekstur hans og stýringu eigna. Undanskilin eru viðskiptakostnaður tengdum eignasafni sjóðsins og vörslugjöld vegna fjármálagerna í hans eigu.

**Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).**

## Fyrri árangur



Ávöxtun í fortíð er ekki trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Eignarhlutdeild í verðbréfasjóði getur aukist, rýrnað eða staðið í stað.

Við útreikning á ávöxtun er tekið tillit til gjalda og þóknana, annarra en kostnaðar vegna gengismunar.

Árangur sjóðsins er reiknaður í íslenskum krónum.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2011.

## Hagnýtar upplýsingar

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Íslensk verðbréf hf.

Útboðslýsing, gengi, ársreikningur og hálfárs-uppgjör sjóðsins eru aðgengileg hjá ÍV sjóðum, [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003. Íslensk verðbréf hf., vörslufyrirtæki rekstrarfélags sjóðsins sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Sjóður þessi hefur hlötið staðfestingu á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

ÍV sjóðir hf. hefur starfsleyfi á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Þessar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta voru síðast uppfærðar [21.12.2014](#) [218.069.20187](#).

Fjármagnstekjuskattur reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum.

# Lykilupplýsingar

Frekari skattlagning kann að eiga sér stað hjá fjárfestum, t.d. varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi. Fjárfestar sem eru í óvissu með skattalega meðferð eignarhlutdeildar í sjóðnum eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á sviði skattamála.

ÍV sjóðir hf. er einungis ábyrgt fyrir yfirlýsingum í þessu skjali sem kunna að reynast vera villandi, rangar eða ekki í fullu samræmi við hluta af útboðslýsingu sjóðsins.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

ÍV sjóðir hf. hefur starfsleyfi á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Þessar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta voru síðast uppfærðar [21.12.2018](#) [218.069.20187](#).